

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 3. júní 2020

22. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

		<p>Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi</p> <p>MICHELSEN 1909</p> <p>Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is</p>
---	--	--

Eyrir hagnaðist um 50 milljarða
Hagnaður íslenska fjárfestinga-
félagsins tífaldaðist á árinu 2019.
Ný fjármögnun hjá Citibank mun
styðja við frekari fjárfestingar.

2

**Stefnir Viðskiptablaðinu fyrir
meiðyrði**
Lúðvík Bergvinsson, sem starfar
sem óháður kunnátumaður
vegna kaupa N1 á Festi, telur
virðingu sína hafa beðið hnekki
vegna skrifta Óðins.

4

Skýrir réttarstöðu innherja
Ákvæði um innherjasvik á ekki
við um innbyrðis viðskipti þeirra
sem búa yfir sömu innherjaupp-
lýsingum samkvæmt nýlegum
dómi Landsréttar.

6

Þurfti kylfu og gulrót
„Það er áhugavert að lesa frásögn
fyrrum seðlabankastjóra um að
hann hafi losað höftin í hádegis-
verði í Washington DC 2014,“ segir
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

12

Nýja eignasafnið
„Innlán og íslensk ríkisskuldabréf
munu eiga erfitt með að skila
ávöxtun umfram verðbólgu á
komandi misserum,“ segir Birgir
Haraldsson, sérfræðingur hjá Akta
sjóðum.

14



Kreppur skapa tækifæri í nýsköpun

Helga Valfells, einn
stofnenda vísisjóðsins
Crowberry, segir að
nýsköpun sé atvinnu-
sköpun. Gott sé að reka
alþjóðleg tæknifyrir-
tæki frá Íslandi. Á þrem-
ur árum hafi sprota-
fyrirtæki sem sjóðurinn
hafi fjárfest í ráðið 110
starfsmenn. → 8

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Rekstur VR skilaði tapi upp á 210 milljónir króna

Rekstrartap stéttarfélagins VR nam 210 milljónum króna á síðasta ári og jókst töluvert frá árinu 2018 þegar það nam 62 milljónum króna. Ef tekið er tillit til fjármagnsliða, sem höfðu jákvæð áhrif á afkomuna að fjárhæð 1,1 milljarð króna, hagnaðist VR um rúmlega 900 milljónir. Hagnaðurinn jókst um rúmlega 500 milljónir milli ára sem má rekja til stórbættrar ávöxtunar verðbréfasafns stéttarfélagins.

Þetta kemur fram í ársreikningi VR fyrir árið 2019 sem verður lagður fyrir aðalfund félagsins í næstu viku. Tekjur VR námu 4,5 milljörðum króna á síðasta ári og jukust um 250 milljónir á milli ára. Á móti vögu kostnaðarhækkunar, meðal annars vegna aukningar í bótagreiðslum og skrifstofukostnaði. Útgjöld vegna bóta og styrkja námu 2,7 milljörðum króna og jukust um rúmlega 200 milljónir á milli ára.

Fram kemur í skýrslu stjórnar VR að aukning á greiðslu sjúkradagpeninga hafi verið veruleg á síðustu árum, en greiðslurnar jukust um 10 prósent milli árána 2018 og 2019. Á sama tímabili jukust iðgjaldatekjur sjúkrasjóðs VR einungis um 6 pró-

sent. Á aðalfundi VR í fyrra var lögð fram breyting við reglugerð sjóðsins til að bregðast við útgjaldaaukningunni.

Þá var greitt úr vinnudeilusjóði félagsins í fyrsta sinn í þrjátíu ár en tilgangur hans er að veita félagsmönnum sem missa atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkanna fjárhagsaðstoð.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður jókst um 130 milljónir króna en hann nam 909 milljónum í fyrra samanborið við 778 milljónir árið 2018.

Eignir VR námu tæplega 14,4 milljörðum króna í lok árs samanborið við tæplega 12,8 milljarða árið 2018 og bókfært eigið fé nam 13,7 milljörðum. Þar af voru rúmlega 11,9 milljarðar króna bundnir í verðbréfum og verðbréfasjóðum, og varanlegir rekstrarfjármunir námu 1,9 milljörðum króna.

Nafnávöxtun verðbréfaeigna VR nam 11,9 prósentum samanborið við tæp 5 prósent árið 2018. Stéttarfélagið var með um 7,3 milljarða króna í ríkisskuldabréfum, 600 milljónir í innlendum hlutabréfum og 2,1 milljarð í erlendum hlutabréfum. – þfh

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til 89% lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



Þórður Magnússon, stjórnarformaður og stærsti hluthafi Eyrir Invest. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Eyrir Invest hagnaðist um 50 milljarða króna

Hagnaður íslenska fjárfestingafélagsins tífaldaðist. Kemur til vegna hækkunar á hlutabréfaverði Marels en hlutur Eyrir er 138 milljarða virði. Félagið sótti sér nýja fjármögnun hjá Citibank sem mun styðja við frekari fjárfestingar.

Fjárfestingafélagið Eyrir Invest, sem er meðal annars stærsti hluthafi Marels með nærri fjórðungshlut, hagnaðist um 327 milljónir evra á árinu 2019, jafnvirði tæplega 50 milljarða íslenskra króna miðað við gengi dagsins í dag. Hagnaður félagsins tífaldaðist þannig frá fyrra ári þegar hann var rúmlega 32 milljónir evra.

Hinn mikli hagnaður fjárfestingafélagsins kemur til vegna líðlega sextíu prósent hækkunar á hlutabréfaverði Marels á síðasta ári. Auk eignarhlutarins í Marels, sem er í dag metinn á um 138 milljarða króna, á félagið meðal annars tæplega helmingshlut í Eyri Sprotum, sem fjárfestir í nýsköpunarfyrirtækjum. Heildareignir Eyrir Invest námu um 915 milljónum evra í árslok 2019 – þar af var hluturinn í Marels bókfærður á 858 milljónir evra – og er eiginfjárhlutfall félagsins um 75 prósent, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi.

Stærstu eigendur Eyrir Invest eru feðgarnir Þórður Magnússon, stjórnarformaður félagsins, og Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels, en þeir fara samanlagt með nærri 39 prósent hlut. Aðrir helstu hluthafar Eyrir Invest, sem var stofnað árið 2000, eru Landsbankinn, Lif-

72

milljónum evra námu nýjar lántökur Eyrir Invest í fyrra.

eyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lifeyrissjóður verslunarmanna.

Fram kemur í skýrslu stjórnar Eyrir Invest að félagið hafi í fyrra samið við bandaríska fjárfestingabankann Citibank um fjármögnun á hluta af eignum þess. Kjörin sem fjárfestingafélaginu bauðst hafi verið mun betri en eru í boði á innlendum fjármagnsmarkaði auk þess sem geta Citibank til að styðja við frekari fjárfestingar Eyrir Invest sé mikil. Með lántökunni hafi því verið dregið úr endurfjármögnunaráhættu félagsins og geta til frekari fjárfestingar aukist.

Nýjar lántökur Eyrir Invest í fyrra námu 72 milljónum evra. Samtals námu vaxtaberandi skuldir félagsins 226 milljónum evra í árslok 2019.

Eyrir Invest seldi í fyrra hlut sinn í níu óskráðum sprotafélögum ásamt lánveitingum til sömu félaga til nýs dótturfélags síns, Eyrir Ventures, gegn útgáfu breytanlegs skuldaþréfs og kröfu. Í árslok nam fjárhæð vikiðandi skuldaþréfsins og greidds

annars söluverðs 23,7 milljónum evra. Fram kemur í ársreikningnum að breyta eigi heildarkröfnum í hlutafé í Eyri Ventures.

Eyrir Invest hefur verið stærsti hluthafi Marels allt frá 2005 en í júní í fyrra voru hlutabréf félagsins tekin til viðskipta í kauphöllinni í Amsterdam og samhlíða skráningunni fór fram hlutafjárútbod á 100 milljónum nýrra hluta, sem voru seldir fyrir um 50 milljarða króna, eða um 15 prósent af hlutafé Marels.

Umsvif erlendra sjóða í hluthafahópi Marels, sem jukust mjög við útbodið og skráninguna í Hollandi, hafa margfaldast á síðustu misserum. Samanlagður eignarhlutur slíkra sjóða er í dag farinn að nálgaast nærri 40 prósent en til samanturðar nam hlutur þeirra aðeins um þremur prósentum í ársbyrjun 2018. Á sama tíma hafa íslenskir lífeyris- og verðbréfasjóðir minnkað verulega eignarhlut sinn í Marels.

Stærstu erlendu hluthafar Marels eru í dag bandaríska fyrirtækið MSD Partners, sem kom fyrst inn í hluthafahóp Marels árið 2017, Capital Group og evrópski vögunarsjóðurinn Teleios Capital.

Gengi hlutabréfa Marels hefur hækkað um rúmlega 16 prósent frá áramótum. Markaðsvirði félagsins er í dag um 550 milljarðar króna. hordur@frettabladid.is

Afkoma Capacent þótti ekki viðunandi

Néikvæð áhrif kórónafaraldursins á rekstur starfsemi Capacent á Íslandi flýtti ákvörðun sænska móðurfélagsins um að leggja starfsemina hérlendis niður. Íslenska ráðgjafarstofan hafði ekki verið nægilega arðbær áður en faraldurinn skall á heimsbyggðinni.

Þetta kemur fram í tilkynningu Capacent Holding AB í Svíþjóð vegna gjaldþrots íslenska dótturfélagsins. Capacent á Íslandi, sem óskaði eftir gjaldþrotaskiptum í síðustu viku, tapaði einni milljón sænskra króna, jafnvirði tæplega 15 milljóna íslenskra króna, á síðasta ári. Tap fyrirtækisins nam 0,3 milljónum sænskra króna, jafnvirði um 4 milljóna íslenskra króna, á fyrsta fjórðunga þessa árs.

Capacent á Íslandi var hluti af Capacent Holding AB í Svíþjóð sem var upphaflega stofnað árið 1983



Starfsmenn Capacent á Íslandi voru samtals 44 talsins.

og hefur verið skráð á Nasdaq First North markaðnum í Stokkhólmi frá árinu 2015. Félagið er með skrifstofur í Svíþjóð og í Finnlandi, og hjá því starfa um hundrað sérfræðingar, nú þegar starfsemin á Íslandi hefur verið lögð niður. Starfsmenn Capacent á Íslandi voru 44 talsins.

„Arðsemi Capacent á árinu 2018 og 2019 hefur verið undir markmiðum. Við erum nú að stiga skref til að aðlaga kostnaðargrunninn og hrinda í framkvæmd fjölda skipulagsbreytinga sem munu leiða okkur aftur til arðbærs vaxtar. Slit á íslenska félaginu er hluti af þessu,“ er haft eftir Edvard Björkenheim, framkvæmdastjóra Capacent samstæðunnar, í tilkynningunni.

Capacent Holding mun þurfa að færa niður 100 prósent eignarhlut sinn í íslenska félaginu um 11,7 milljónir sænskra, jafnvirði um 170 milljóna íslenskra króna. – tff

MÁLUM ALLT SEM SKIPTIR MÁLI

ÖLL ALLMENN MÁLNINGARVINNA ÚTI OG INNI

BJÖRGVIN HALLGRÍMSSON
MÁLARAMEISTARI
SÍMI: 844 9188



FÖST
VERÐTILBOÐ

MARGRA ÁRA
REYNSLA

NÁKVEMAR
VERKLÝSINGAR

RAFRÆN
TILBOÐ OG
SAMNINGAR

FAGMENNSKA

HJÓL
ATVINNULÍFSINS



Hjól atvinnulífsins ehf. – alhliða verktaka
Borgartúni 3
105 Reykjavík
Símar: 8446829 / 6624514
Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com

Stefnir Viðskiptablaðinu fyrir meiðyrði

Lúðvík Bergvinsson, sem starfar sem óháður kunnátumaður vegna kaupa N1 á Festi, telur virðingu sína hafa beðið hnekki vegna skrifa Óðins um störf sín. Skrifin feli í sér ærumeiðandi aðdróttanir. Krefst ómerkingar ummæla og þriggja milljóna miskabóta.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Lúðvík Bergvinsson, héraðsdómslögmaður og fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar, hefur stefnt ritstjóra og útgáfufélagi Viðskiptablaðsins fyrir meiðyrði vegna skrifa Óðins, nafnlaus pistlahöfundar í blaðinu, um störf hans sem óháðs kunnátumanns vegna kaupa N1 á Festi. Hann krefur Trausta Hafliðason ritstjóra um samtals þrjár milljónir króna í miskabætur.

Í stefnu Lúðvíks, sem er rituð af lögmanni hans, Jóni Magnússyni, og Markaðurinn hefur undir höndum, segir hann „liggja í augum uppi, þegar birting umræddrar greinar og umstefndra ummæla er skoðuð, að ásetningur og tilraunir stefnu til þess að sverta mannorð stefnanda sé augljós“.

Ummælin sem hann vill að verði dæmd dauð og ómerk séu „ósönn, óviðurkvæmleg, tilhæfalaus og smekklæs“ og til þess fallin að sverta æru hans.

Lúðvík, sem var skipaður af Samkeppniseftirlitinu til þess að fylgjast með því að skilyrðum í sátt N1 við eftirlitið vegna kaupa olíufélagsins á Festi væri fylgt eftir, krefst þess



Lúðvík Bergvinsson, lögmaður og fyrrverandi þingmaður, var skipaður af Samkeppniseftirlitinu til þess að fylgjast með að skilyrðum í sátt eftirlitsins við N1 vegna kaupa á Festi væri fylgt eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stefnandi er þjóðþekktur einstaklingur og sú umfjöllun sem finna má um stefnanda í umræddri grein er rætin og bornar á stefnanda alvarlegar sakir um lögbrot.

Úr stefnu Lúðvíks Bergvinssonar á hendur útgáfufélagi og ritstjóra Viðskiptablaðsins.

Ummælin gefa í skyn, að mati Lúðvíks, að hann og Samkeppniseftirlitið hafi haft rangt við og hann sé hluti af einhvers konar meintri spillingu héraðs samkeppnis-yfirvalda. Ekki sé nokkur fótur fyrir því. Ásakanirnar séu ekki til neins annars fallnar en að flekka mannorð hans.

Þá krefst Lúðvík þess í þriðja lagi að dæmd verði dauð og ómerk ummæli í pistli Óðins á þá leið að „öll skynsemis- og réttlætisrök virðast hniga að því að Festi kæri kunnátumanninn fyrir tilhæfalausla reikninga“.

Lúðvík telur ljóst að í umræddum ummælum felist gróf ásökun þess efnis að hann hafi gerst sekur um að hafa haft fé af Festi með tilhæfalausum reikningum en slíkt brot teljist fjársvik og skjalfals og geti varðað fangelsisrefsingu. Ummælin séu með öllu tilhæfalaus enda liggja fyrir að forsvarsmenn Festar hafi aldrei gert athugasemdir við gjaldtöku hans eða óskað eftir því að Samkeppniseftirlitið grípi inn í vegna hennar.

Virðingin beðið hnekki

Lúðvík byggir málalíbúnað sinn á því að með birtingu umrædds pistils hafi Trausti, sem ritstjóri og ábyrgðarmaður Viðskiptablaðsins, vegið með ölogmætum og einstaklega grófum hætti að æru og starfsheðri Lúðvíks og enn fremur borið á hann alvarlegar sakir um lögbrot. Það liggja ljóst fyrir að virðing hans hafi beðið hnekki sem og æra hans og persóna.

Hann hafi, sökum starfa sinna og stöðu í þjóðfélaginu, mikla hagsmuni af því að mannorð hans, æra og starfsheður haldist óflekkuð.

„Stefnandi er þjóðþekktur einstaklingur og sú umfjöllun sem finna má um stefnanda í umræddri grein er rætin og bornar á stefnanda alvarlegar sakir um lögbrot. Ummælin eru ærumeiðandi aðdróttanir sem eru bæði rangar og bornar út og birtar opinberlega,“ segir í stefnunni.

Auk þess að gera kröfu um ómerkingu fyrrnefndra ummæla og miskabætur úr hendi ritstjóra Viðskiptablaðsins krefst Lúðvík þess að ritstjórinn verði dæmdur til þess að greiða honum yfir fimm hundruð þúsund krónur til þess að kosta birtingu forsöndna dómsins í útbreiddu dagblaði, að því gefnu að ritstjórinn verði dæmdur sekur um meiðyrði.

Auk þess gerir hann þá kröfu að Viðskiptablaðinu verði gert að birta forsöndur dómsins í blaði sínu og á vef ekki síðar en sjö dögum eftir að dómur gengur í málinu.

COVID 19: HÆTTA Á AUKINNI VERNDARSTEFNU OG VEIKARA EFTIRLITI MEÐ SAMKEPPNI?

Samkeppniseftirlitið býður til vefráðstefnu þar sem virtir fræðimenn á vettvangi samkeppnismála beggja vegna Atlantshafsins ræða álitafni sem skipta miklu í mótun samkeppnis- og efnahagsstefnu á næstunni.

Varpað verður fram eftirfarandi spurningum:

- Þróun samkeppniseftirlits í Evrópu og Bandaríkjunum. Hvaða lærdóm geta stjórnvöld hvorum megin Atlantshafsins dregið af reynslu hvers annars?
- Hvaða rök standa með og á móti því að til verði stór leiðandi fyrirtæki (e. national champions) og hver yrðu áhrif slíkra fyrirtækja á samkeppni?
- Hversu líklegt má telja að núverandi efnahagssamdrætti verði svarað með aukinni verndarhyggju og veikara eftirliti með samkeppni?

9. júní 2020

13:00-13:05 **Kynning og fundarstjórn**

Páll Gunnar Pálsson | forstjóri Samkeppniseftirlitsins

13:05-13:25 **Frummælandi**

Jonathan Baker

Rannsóknarprófessor við lagadeild American University Washington College of Law
National champions and competition policy



13:25-14:30 **Pallborðsumræður**

Þátttakendur:

Fiona Scott Morton

prófessor í hagfræði við Yale University School of Management

Gylfi Magnússon

Dósent í hagfræði við Háskóla Íslands

Jonathan B. Baker

Rannsóknarprófessor við lagadeild American University Washington College of Law

Lars Sørgard

Forstjóri norska samkeppniseftirlitsins

Pierre Régibeau

Aðalhogfræðingur samkeppnisdeildar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins



Umræðustjóri:

Valur Þráinsson

Aðalhogfræðingur Samkeppniseftirlitsins

Skráning er á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins,
www.samkeppni.is



nánar tiltekið að þrenn ummæli í grein Óðins, „Hjörtun í Namíbíu og Borgartúni“, sem birtist í Viðskiptablaðinu um miðjan apríl síðastliðinn, verði dæmd dauð og ómerk.

Í pistli Óðins var fjallað með gagnrýnum hætti um kostnað af störfum Lúðvíks sem óháðs kunnátumanns - en hann nam ríflega fjörtútu milljónum króna frá haustinu 2018 til loka síðasta árs - og vísað til fréttar Markaðarins þess efnis að kostnaðurinn hefði verið um áttfalt hærri en kostnaður Haga á sama tíma af störfum kunnátumanns vegna kaupa smásölurísans á Olís.

Forstjórinn hafði samband

Í fyrsta lagi krefst Lúðvík ómerkingar á eftirfarandi ummælum í pistli Óðins um vinskapi hans og aðstoðarforstjóra Samkeppniseftirlitsins:

„Við blasir að efasemdirnar um Lúðvík voru ekki minni, sérstaklega vegna vináttunnar við aðstoðarforstjórann. Því jafnvel þó svo hann hafi þar hvergi komið nærri að nokkru leyti, þá leit það ekki þannig út og burtskýringin kom ekki fyrir en eftir að efasemdirnar höfðu komið fram á opinberum vettvangi. Sem sagt um seinan. Fyrir þá vini báða, Lúðvík og Ásgeir, Samkeppniseftirlitið og góða stjórnsýslu.“

Í stefnu Lúðvíks segir að með ummælunum sé gefið í skyn að hann hafi verið skipaður í starfið vegna vináttunnar við aðstoðarforstjórann. Það sé fráleitt enda hafi forstjóri N1, nú Festar, haft samband við hann símléiðis, að eigin frumkvæði, og farið þess á leit að hann tæki starfann að sér. Stjórnendur Samkeppniseftirlitsins hafi ekki verið í neinni aðstöðu til þess að tryggja tengdum aðilum starfið eða fjárhagslegan ávinning af starfinu.

Í öðru lagi vill hann að ómerkt verði ummæli þess efnis að fréttirnar af „óheyrilegum kostnaði við eftirlit með samruna eru án efa til efni í einn safaríkan Kveiks-þátt. Ódinn hlakkar raunar til að sjá Helga Seljan rannsaka þessa hliðstæðu. Hann getur varla látið svona tækifæri fram hjá sér fara. Þeim virðist svipa saman hjörtunum, í Namíbíu og Borgartúni“.

GEFÐU STARFSFÓLKI UPPLIFUN Í ÖSKJU



SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf með kveðju frá fyrirtækinu, í þeim verðflokki sem þú óskar.



Virðisrýrnun útlána íslensku bankanna var meiri en norrænna.

Tíu prósentar arðsemi enn möguleg

Sátu viðskiptabankarnir þrjú áttu að geta náð markmiði sínu um tíu prósentar arðsemi af reglulegum rekstri þrátt fyrir óvissu í efnahagsmálum vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar. Þetta er mat greinenda hagfræðideildar Landsbankans.

Í nýrri umfjöllun hagfræðideildarinnar um uppgjör bankanna fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er bent á að bætt arðsemi þeirra geti komið til vegna meðal annars lægri bankaskatts og eiginfjárfkrafa og strangs kostnaðaradhalds. Eldri vandræðaeignir og hátt eiginfjárlutfall hafi hingað til torvelað þeim að ná arðsemismarkmiðum sínum.

0,4%

var hlutfall virðisrýrnunar útlána af lánasöfnum íslensku bankanna á fyrsta ársfjórðungi.

Greinendur hagfræðideildarinnar nefna að hagkvæmari fjármagnskipan, með útgáfu víkjandi lána, og minni kostnaður hafi meðal annars stuðlað að bættri afkomu bankanna, auk þess sem merki séu um að grunnrekstur þeirra fari batnandi.

Þrátt fyrir að kórónaveiran muni setja mark sitt á afkomu bankanna á þessu ári og því næsta og vekja upp spurningar um virði eigna sé ekki útilokað að þeir geti náð áður nefndu markmiði um tíu prósentar arðsemi.

Í umfjöllun hagfræðideildarinnar er bent á að virðisrýrnun útlána bankanna – Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans – hafi verið heldur meiri en á meðal annarra norrænna banka á fyrsta fjórðungi ársins.

Þannig hafi virðisrýrnun héraðs- og lögreglu- og lífeyrissjóða, að teymi á þess vegum vinni nú hörðum höndum að því að hrinda í framkvæmd ýmsum aðgerðum í því augnamiði að auka skilvirkni og draga úr kostnaði við rekstur verksmiðjunnar. Vinnan miði að því að bæta afkomu hennar til framtíðar lítið.

Miklar tafir og erfiðar aðstæður á hrávörumörkuðum hafa ein-



Landsréttur sýknaði um miðjan síðasta mánuð Hreiðar Má Sigurðsson, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, af ákæru um umboðs- og innherjasvik. Framseldi eignarhaldsfélagið bréf í sinni eigu í bankanum fyrir 570 milljónir. Málið er það síðasta sem ákært var í vegna fjármálahrunsins 2008. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Skýrir réttarstöðu innherja

Ákvæði um innherjasvik á ekki við um innbyrðis viðskipti þeirra sem búa yfir sömu innherjaupplýsingum samkvæmt dómi Landsréttar. Lögmaður á LEX segir dóminn skýra óljósa réttarstöðu innherja.

Tveimur innherjum sem búa yfir sömu innherjaupplýsingum er heimilt að eiga viðskipti sín á milli, að öðrum skilyrðum uppfylltum, samkvæmt nýlegum dómi Landsréttar. Með dómnum er áralöng óljós réttarstaða innherja skýrð.

Landsréttur sýknaði um miðjan síðasta mánuð Hreiðar Má Sigurðsson, fyrrverandi forstjóra Kaupþings banka, af ákæru um innherjasvik þegar hann framseldi eignarhaldsfélagi í sinni eigu hlutabréf í bankanum fyrir samanlagt 570 milljónir króna í ágúst árið 2008.

Ákærvaldið byggði á því að á þeim tíma hefði Hreiðar Már búið yfir innherjaupplýsingum sem lutu að því að „skráð markaðsverð hlutabréfa í bankanum gaf ranga mynd af verðmæti þeirra og hærri en efni stóðu til, vegna langvarandi og stórfelldrar markaðsmisnotkunar með hlutabréf í bankanum“, sem þá hefði staðið yfir að minnsta kosti frá því í nóvember árið 2007 og hann hefði sjálfur átt þátt í.

Umrædd viðskipti mátti rekja til kaupréttar sem Hreiðari Má höfðu verið veittir á árinu 2004, en í kjölfar innlausnar hluta þeirra í ágúst 2008 framseldi hann hlutabréfin til eignarhaldsfélags í sinni eigu.

Til stuðnings kröfu sinni um sýknu bar Hreiðar Már því meðal annars við að í tilfellum þar sem

kaupandi og seljandi hlutabréfa byggju yfir sömu innherjaupplýsingum gæti ekki verið um svik eða misnotkun að ræða. Ekki fengi staðist að traust og trúverðugleiki verðbréfamarkaðarins byði hnekki af slíkum viðskiptum.

Engin blekking

Héraðsdómur Reykjavíkur sakfelldi Hreiðar Má – með þeim rökstuðningi að innherjasvikaákvæði verðbréfavíðskiptalaga væri fortaklaust, þegar það mælti fyrir um að innherja væri óheimilt að ráðstafa fjármálagerningum fyrir eigin reikning ef hann byggði yfir innherjaupplýsingum – en Landsréttur komst hins vegar að öndverðri niðurstöðu.

„Þegar horft er á atvik málsins í heild og til þeirra hagsmuna sem reglum um innherjavíðskipti er ætlað að vernda verður ákvæðið því ekki skýrt þannig að það eigi við um innbyrðis viðskipti þeirra sem búa yfir sömu innherjaupplýsingum þegar þeir eiga viðskipti með fjármálagerning,“ sagði í dómi Landsréttar.

Því til viðbótar benti rétturinn á að engin blekking hefði falist í sölu hlutabréfanna gagnvart öðrum fjárfestum þegar tillit væri tekið til ástæðna sölunnar og opinberra tilkynninga um hana.

Gengur of langt

Stefán Orri Ólafsson, meðeigandi

Niðurstaða Landsréttar er eðlileg enda fer hún í engu gegn þeim verndarhagsmunum sem bannreglu innherjasvikaákvæðisins er ætlað að gæta.

Stefán Orri Ólafsson, meðeigandi á LEX lögmannsstofu



á LEX lögmannsstofu, segir dóm Landsréttar skýra áður óljósa réttarstöðu innherja.

Orðalag innherjasvikaákvæðis verðbréfavíðskiptalaga geri engan áskilnað um að innherji hafi nýtt sér innherjaupplýsingar til þess að gerast sekur um innherjasvik. Þess í stað sé nægilegt að innherjinn hafi búið yfir slíkum upplýsingum á þeim tíma þegar viðskipti hafi átt sér stað.

Dómur Landsréttar þýði hins vegar að ekki sé útilokað að þrátt fyrir umrætt orðalag ákvæðisins geti innherji átt viðskipti þegar hann býr yfir innherjaupplýsingum að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Stefán Orri bendir á að orðalag ákvæðisins hafi af mörgum verið talið ganga helst til of langt með

þeim afleiðingum að það geti girt fyrir eðlileg viðskipti þegar innherji býr yfir innherjaupplýsingum en beitir engum svikum. Það geti til dæmis átt við í tilfellum þegar tveir innherjar búa yfir nákvæmlega sömu innherjaupplýsingum og vilja eiga viðskipti.

Sem dæmi sé nýting innherjaupplýsinga gerð að skilyrði innherjasvika í markaðssvikaákvæðisreglugerð Evrópusambandsins frá árinu 2003, sem núgildandi innherjasvikaákvæði verðbréfavíðskiptalaganna á rætur sínar að rekja til.

„Niðurstaða Landsréttar er því eðlileg, enda fer hún í engu gegn þeim verndarhagsmunum sem bannreglu innherjasvikaákvæðisins er ætlað að gæta, þar sem markaðurinn virðist hafa verið upplýstur að öllu leyti um þessi tilteknu viðskipti.“

Þá er niðurstaðan í samræmi við dómaframkvæmd bæði Evrópu-dómstólsins sem og Hæstaréttar Danmerkur.

Niðurstaðan er auk þess í samræmi við þá réttarstöðu sem verður hér á landi þegar ákvæði markaðssvikaákvæðisreglugerðar Evrópusambandsins nr. 596/2014 hafa verið innleidd í íslensk lög,“ segir hann.

Samkvæmt umræddri reglugerð, sem er stefnt að því að innleiða í íslenskan rétt í lok ársins, er nýting innherjaupplýsinga forsenda þess að innherjar geti gerst sekir um innherjasvik. kristinningi@frettabladid.is

Tap og minni framleiðsla hjá kísilverinu PCC á Bakka

Tap var á rekstri kísilveris PCC á Bakka við Húsavík á fyrstu þremur mánuðum ársins en framleiðsla þess var umtalsvert minni á fjórðungnum en búist hafði verið við. Þetta kemur fram í fjórðungsuppgjöri þýska móðurfélagsins PCC SE.

Þar kemur auk þess fram að slökkt hafi verið á öðrum af tveimur ljósbogaofnum kísilmálmverksmiðjunnar og er ekki gert ráð fyrir að kveikt verði á honum að nýju fyrr en í sumar.

Erfiður vetur er sagður í uppgjöri hafa leitt til nokkurs framleiðslutaps með tilheyrandi áhrifum á sölu og rekstur. Auk þess hafi verðhækkningar á kísilmálm á

fjórðungnum ekki nýst kísilverinu að fullu enda hafi það þurft að fullnægja nokkrum eldri samningum á lægri verðum.

Þá er tekið fram í uppgjöri þýska félagsins, sem fer með tæplega 87 prósentar hlut í kísilverinu á móti þrettán prósentar hlut Íslandsbanka og íslenskra lífeyrissjóða, að teymi á þess vegum vinni nú hörðum höndum að því að hrinda í framkvæmd ýmsum aðgerðum í því augnamiði að auka skilvirkni og draga úr kostnaði við rekstur verksmiðjunnar. Vinnan miði að því að bæta afkomu hennar til framtíðar lítið.

Miklar tafir og erfiðar aðstæður á hrávörumörkuðum hafa ein-



Nokkur röskun var á framleiðslu kísilveris PCC á fyrsta ársfjórðungi. Verðhækkningar á kísilmálm nýttust ekki kísilverinu. FRÉTTABLAÐID/AUDUNN

kennt starfsemi kísilverisins frá gangsetningu á vormánuðum ársins 2018.

Eins og Markaðurinn greindi frá í síðustu viku náðu forsvarsmenn kísilverisins nýverið samkomulagi við verktakann sem byggði verksmiðjuna, þýska fyrirtækið SMS, um að síðarnefnda fyrirtækið greiði því fyrrnefnda um einn milljarð króna í tafabætur vegna framkvæmdanna. Vegur eingreiðslan að hluta upp á móti tapi fyrsta ársfjórðungs.

Sem kunnugt er gengu stjórnendur kísilverisins frá samkomulagi um fjárhagslega endurskipulagningu þess við lánveitendur og hluthafa í mars síðastliðnum. – kj

AFMÆLISTILBOÐ

27-60%

AF ÖLLUM VÖRUM



31%

WAGNER ERGOMEDIC 100-3
LISTAVERÐ 189.900 KR.
NÚ 129.900 KR.



31%

HEADPOINT
LISTAVERÐ 79.900 KR.
NÚ 54.900 KR.



50%

NAVIGO
LISTAVERÐ 89.900 KR.
NÚ 44.950 KR.



35%

RAFMAGNSBORD
AFMÆLISTILBOÐ
FRÁ 58.175 KR.



40%

SITNESS 5
LISTAVERÐ 52.900 KR.
NÚ 31.740 KR.



60%

HUBERT
LISTAVERÐ 128.900 KR.
NÚ 51.560 KR.

35%

AF ÖLLUM RAFMAGNSBORDUM



50%

W3
LISTAVERÐ 84.900 KR.
NÚ 42.450 KR.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

www.hirzlan.is


RAMMASAMNINGUR VID
RÍKISKAUP

Síðumúla 37
Sími: 564-5040



Hekla Arnardóttir og Helga Valfells, stofnendur Crowberry Capital. „Það væri óskandi að það yrði betra jafnvægi í hagkerfinu eftir efnahagsáfallið og störfin yrðu fjölbreyttari,“ segir Helga Valfells. FRÉTTA

Glæsileg tæknifyrirtæki verða oft til í kreppu. Fjártæknifyrirtækið Meniga og hugbúnaðarfyrirtækið GreenQloud sem NetApp keypti árið 2017 voru til dæmis stofnuð skömmu eftir bankahrunið 2008. Þetta segja Helga Valfells og Hekla Arnardóttir sem stýra vísisjóði á vegum Crowberry Capital ásamt Jenny Ruth Hrafnadóttur.

„Nýsköpun er í reynd atvinnusköpun,“ segir Helga. „Það er hluti af ástæðu þess að við höfum áhuga á að leggja okkar af mörkum til nýsköpunar á Íslandi,“ segir hún og nefnir að rekstur margra sprota- og tæknifyrirtækja sem komin eru á legg gangi vel um þessar mundir þrátt fyrir samdrátt í heimshagkerfinu sem rekja má til viðbragða við kórónaveirunni.

„Vonandi mun nýsköpun eflast í kjölfar kórónaveirunnar og hér á landi skapist fjöldi áhugaverðra starfa fyrir sérfræðinga. Það væri óskandi ef það yrði betra jafnvægi í hagkerfinu eftir efnahagsáfallið og störfin yrðu fjölbreyttari.“

Það býður hættunni heim þegar ein atvinnugrein verður of umsvifamikil í atvinnulífinu eins og í tilviki ferðaþjónustu á undanförunum árum og fjármálaþjónustu á árunum fyrir bankahrun. Þeir sem eru að útskrifast úr háskóla um þessar mundir ættu að líta til tækifæra á vettvangi stafrænna lausna. Það er gott að reka fyrirtæki sem bjóða slíkar lausnir frá Íslandi, sérstaklega núna þegar það ríkir mikið atvinnuleysi,“ segir Helga.

Kórónaveiran leiði vonandi til vakningar í nýsköpun

Crowberry hefur fjárfest í tólf nýsköpunarfyrirtækjum á Norðurlöndunum. Öll félögin nema eitt hafa fengið fjármagn frá erlendum fjárfestum. Andreessen Horowitz fjárfesti í fyrirtæki í eigu Crowberry. Rannsóknir sýna að konur taka þátt í að stofna átta prósent af tæknifyrirtækjum í Evrópu.

Ekki bara forritarar

Hekla segir að það sé algeng mýta að tæknifyrirtæki bjóði eingöngu upp á störf fyrir forritara. „Aðrir geta haft mikið fram að færa eins og færni í mannlegum samskiptum og að geta sett sig í fótspor þeirra sem nota vöruna. Þess vegna vona ég innilega að hjúkrunarfræðingar á Landspítalanum komi auga á vandamál í heilbrigðisgeiranum sem þurfi að leysa og taki þátt í að stofna og reka fyrirtæki sem geti keppt á alþjóðavísu.“

Ein af gryfjunum sem margir frumkvöðlar falla í er að setja saman einhæft teymi. Það er ekki skynsamlegt að teymið sé samsett eingöngu af forritunum heldur þarf fjölbreytileika: Einhvern sem skilur vöruna – Steve Jobs var í því hlutverki, svo þarf að kunna að smíða tæknilausnina og hópurinn þarf einnig að hafa yfir að ráða þekkingu á sölu- og markaðsmálum.“

Helga segir að jafnvel þótt tæknifyrirtæki verði seld í framtíðinni, eins og í tilviki GreenQloud, haldi

Það eru einungis 300 konur í Evrópu sem eru hluthafar og stjórnendur í rekstrarfélagi sem rekur vísisjóð. Við þrjár hjá Crowberry erum því eitt prósent af konum sem fjárfesta í tækni í Evrópu.

Helga Valfells

starfsemin yfirleitt áfram í heimalandinu. „Tæknin gerir það að verkum að hægt er að starfa hvar sem er í heiminum. Bandaríska fyrirtækið Teledyne Technologies keypti Hafmynd, sem þróar litla kafbáta, árið 2010. Sú starfsemi er enn í miklum blóma hér á landi og NetApp sem er alþjóðlegt störfyrirtæki er með 100 manns í vinnu á Íslandi. Það er því lykilatriði fyrir atvinnulífið að tryggja samkeppnishæfni Íslands

því annars er hættu á að störfin leiti úr landi.“

Þegar ég starfaði hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins voru 14 fyrirtæki seld og einungis eitt fór úr landi. Það var Clara en það var rekið af ungum strákum sem þótti spennandi að fá að starfa í Kísildalnum. Flestir þeirra eru komnir aftur til Íslands og taka þátt í sprotasenu, reynslunni ríkari.“

Hún segir að nýsköpunarumhverfið njóti þess sömuleiðis þegar tæknifyrirtæki séu seld því þá fái hluthafar þeirra fé til að fjárfesta að nýju í nýsköpun. „Á Norðurlöndunum eru svokallaðir einhyrningar metnir samanlagt á 70 milljarða dollara. Einhyrningur er ungt tæknifyrirtæki sem metið er á milljarð dollara eða meira. Nafnið er þannig tilkomið að það átti að vera sjaldséð en svo fjölgaði slíkum fyrirtækjum óvænt hratt. Einhyrningar hafa orðið til þess að norrænir fjárfestar fengu sjö milljarða dollara í vasann. Það er því feykilega há fjárhæð sem getur runnið aftur í nor-

ræna nýsköpun. Margir sem starfað hafa hjá þessum fyrirtækjum, eins og til dæmis hjá hinu sænska Spotify, hafa öðlast gríðarlega þekkingu sem hægt er að nýta til að stofna fyrirtæki eða leggja öðrum nýjum fyrirtækjum lið.“

Fengið erlent fjármagn

Sjóður Crowberry Capital hefur verið þrjú ár í rekstri en honum var komið á fót sumarið 2017. Eins og fyrr segir hefur Crowberry Capital fjárfest í tólf fyrirtækjum og horft er til þess að fjárfesta í þremur til viðbótar. Öll félögin nema eitt hafa fengið fjármagn frá erlendum fjárfestum.

Helga segir að yfirleitt þegar Crowberry fjárfesti í fyrirtæki samanstandi starfsmannahópurinn einvörðungu af stofnendum þess. „Á þessum þremur árum hafa fyrirtækin ráðið 110 starfsmenn. Lucinity, Mainframe, Kara Connect og fleiri munu ráða fjölda manns á næstu mánuðum því þau eru í örur vexti. Nýsköpun er vel til þess fallin

Fjárfesta fyrir allt að 600 milljónir

Crowberry Capital getur fjárfest fyrir allt að 600 milljónir í einu fyrirtæki. Í fyrstu umferð er fjárfest fyrir 20 til 150 milljónir króna. Meðaltalið er 75 milljónir króna. „Við leiðum yfirleitt fyrstu fjárfestinguna og fáum aðra með okkur í hluthafahópinn,“ segir Helga.

„Þegar kemur að næstu fjármögnun þarf fyrirtækið að finna aðra fjárfesta til að verðmeta fjárfestinguna. Það gerum við til að koma í veg fyrir að við verðum samdauna fyrirtækinu. Takist fyrirtækinu ekki að finna aðra fjárfesta er það yfirleitt visbending

um að eitthvað geti verið að rekstrinum eða upphaflegri viðskiptahugmynd. Með þessari aðferð drögum við úr áhættunni við fjárfestingar. Að sama skapi er það ekki gott að það sé einungis einn utanaðkomandi fjárfestir í sprotafyrirtæki því þá getur myndast ójafnvægi í hluthafahópnum. Það má líkja því við að vera stofnanafjárfestir í fjölskyldufyrirtæki,“ segir hún.

Helga segir að það sé mikilvægt að stofnendur sprotafyrirtækja eigi stóran hlut í upphafi og starfsmenn eigi kauprétt að hluta-

bréfum til að drífa þá enn frekar áfram.

Hekla segir að það sé óskynsamlegt að fjárfestar taki of stóran hlut í fyrirtækinu í upphafi. „Hættan er sú að fyrirtækið skemmist við það því þá er lítið eftir fyrir fjárfesta á seinni stigum.“

Helga segir að sjóður Crowberry Capital eignist yfirleitt aldrei meira en 20 prósent í hverju fyrirtæki. „Við höfum reiknað það út að sá hlutur geti skilað hluthöfum afar góðri ávöxtun.“

●● Við fjárfestum í Mainframe í september á síðasta ári ásamt finnskum fjárfestum og í mars, nánar tiltekið daginn eftir að Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, lokaði landinu, fjárfesti Andressen Horowitz í fyrirtækinu. Það er glæsileg bein erlend fjárfesting á Íslandi.

Helga Valfellis

um, getu teymisins til að vinna að uppbyggingu fyrirtækisins og að leikurinn sé í skýinu. „Mainframe var stofnað síðasta sumar og hafði komið miklu í verk á skömmum tíma. Stofnendur Mainframe hafa mjög djúpa þekkingu og tengslanet í sínum geira sem hjálpar mikið í uppbyggingu fyrirtækisins.“

Hekla segir að stofnendur Mainframe hafi mætt vel undirbúin á finnsku tækniráðstefnuna Slush í því skyni að safna fjármagni. „Þar hittu þeir marga fjárfesta á einni viku og skömmu síðar voru þeir komnir í samstarf við flottasta fjárfesti í heimi.“

Fjártæknifyrirtækið Lucinity er annað félag í eignasafninu sem hefur náð miklum árangri á skömmum tíma. Fram kom í Markaðnum í lok mars að fyrirtækið hefði samið við einn af stærstu bönkum heims um innleiðingu á hugbúnaðarlausn sem íslenski sprotinn þróaði fyrir banka til að verjast peningabætti og öðrum fjárglæpum.

Helga segir að Crowberry Capital horfi meðal annars til fyrirtækja í heilbrigðistækni sem hægt sé að skala og veiti þjónustu á hagkvæmari máta en áður var unnt. „Kórónaveiran mun flýta tæknivæðingu í heilbrigðisþjónustu. Við höfum fjárfest í einu íslensku fyrirtæki á því sviði og tveimur sænskum. Kara Connect aðstoðar sálfræðinga, talmeinafræðinga og fleiri við að veita þjónustu í gegnum netið. Elsa Science aðstoðar gigteika og Kind er vettvangur fyrir heilbrigðisstarfsfólk og sjúklinga til að ræða sín á milli.“

Fjárfesta á Norðurlöndum

Hekla vekur athygli á að sjóðurinn hafi heimild til að fjárfesta utan Íslands. „Við erum norrænn fjárfestingasjóður. Ísland er lítið land og við viljum spila á stærri velli. Það gerir okkur að betri fjárfestum að við séum að vinna með og keppa við sjóði utan Íslands, en það er líka betra fyrir fyrirtækin að vera borin saman við það besta sem gerist í heiminum.“

Helga segir að Norðurlöndin séu mikilsmetnir í alþjóðasprotahéimnum og það auðveldi stofnendum Crowberry Capital að komast í kynni við erlenda samstarfsaðila.

Talið berst að því hve fáar konur stýri sprotafyrirtækjum. Hekla segir að konur á þeim vettvangi séu alltof fáar og ástandið fari því miður ekki batnandi. „Rannsóknir sýna að einungis 1-2 prósent tæknifyrirtækja í Evrópu eru leidd af konum og ef ein kona er í hópi stofnenda hækkar hlutfallið einungis í 8 prósent. Þetta er ekki nógu gott.“

Konur stýra fimm fyrirtækjum

Helga segir að konur leiði fimm af tólf fyrirtækjum sem Crowberry hafi fjárfest í. Hlutfallið sé því rúmlega 40 prósent. Um sé að ræða Kara Connect sem Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir fer fyrir, fataframleiðandann Kötlu sem Áslaug Magnúsdóttir stofnaði, Avo með Stefaníu Ólafsdóttur í stafni auk fyrrnefndra sænskra fyrirtækja í heilbrigðis-tækni.

„Við horfum ávallt á fjárfestingartækifærið áður en við setjum upp kynjagleraugun en fjöldi kvenna hefur leitað til okkar með áhuga-verð verkefni. Eflaust þykir þeim gott að geta átt í samstarfi við konur. Það eru einungis 300 konur í Evrópu sem eru hluthafar og stjórnendur í rekstrarfélagi sem rekur vísisjóð. Við þrjár hjá Crowberry erum því eitt prósent af konum sem fjárfesta í tækni í Evrópu,“ segir hún.

Hekla segir að konur séu ekki áhættufælarnar. „Það er mýta. Konur stofna fyrirtæki eins og fjöldi verslana um allan heim ber vitni um. Þær taka af skarið og hafa margoft gert það með skynsamlegum hætti. Að sjálfsögðu ættu fleiri konur að stofna tæknifyrirtæki.“

Aðspurðar hvernig þær komi auga á tækifæri erlendis segir Helga að þær vinni hörðum höndum að því að tengja sig við sprotasenuna á Norðurlöndum. Hún segir að ábendingarnar komi oft frá minni fjárfestingasjóðum sem fjárfesti fyrr í ferlinu en Crowberry Capital og frá englum, fjársterkum einstaklingum sem fjárfesti í sprotum sem eru að stiga sín fyrstu skref.

Jafnrétti er útflutningsvara

Hekla segir að í Svíþjóð séu margir öflugir englar sem vinna með sprotum og tengi þá við vísisjóði. Hún veltir upp þeim möguleika að kannski bendi þeir Crowberry frekar á fyrirtæki sem konur leiði. Helga segir að konur vilji oft fá konur í stjórn. „Jafnrétti er því orðið að útflutningsvöru.“

Þær segjast afar ánægðar með Þórdísi Kolbrúnu Reykjavíkur Gylfadóttur nýsköpunarráðherra. Helga nefnir að hún hafi með skynsamlegum hætti mótað góða nýsköpunarstefnu fyrir landið og fylgt henni eftir með erfiðum ákvörðunum eins og að leggja niður Nýsköpunarmiðstöð Íslands og finna verkefnumum sem þar voru unnin annan farveg.

„Nýsköpunarráðherra er að taka erfiðar ákvarðanir til að umbylta nýsköpunarumhverfinu til hins betra. Ég er afar hrifin af þeirri stefnu sem hefur verið mörkuð, að ríkið eigi ekki að vera fyrir þegar kemur að nýsköpun heldur styðja við hana. Því miður hefur ríkið oft lítið á nýsköpun sem atvinnubóta-stefnu eða byggðastefnu. Það er röng nálgun. Nýsköpun er leiðin fram veginn og því þarf að sýna þá skynsemi, sem ráðherra hefur gert, að ræða við þá sem starfa við fagið og heyrna hvað megi betur fara. Í því skyni setti ráðherrann á laggirnar ráðgjafarráð sem samanstandur af fjölbreyttum hópi frumkvöðla. Það sem Þórdís Kolbrún heyrir á fundum ráðsins og þykir skynsamlegt lætur hún framkvæma.

Þórdísi Kolbrúnu hefur tekist að rísa yfir þrýstihöpa og fékk bæði atvinnulífidið og alla þingflokka með sér í lið. Úr verður ekki sýn eins flokks eða ráðherra heldur stórs hóps sem nær saman um að láta hana verða að veruleika. Við bind-

um miklar vonir við þetta starf, má þar til dæmis nefna stofnun frumkvöðlasjóðsins Kriú,“ segir Helga.

Kría verður hvatasjóður sem fjárfestir í vísisjóðum og mun auka aðgengi að fjármagni og tryggja samfelli í fjármögnunarumhverfi frumkvöðla og nýsköpunar. Í fjármála-áætlun ríkissjóðs er gert ráð fyrir 2,5 milljörðum króna á næstu þremur árum til að fjármagna sjóðinn.

Góð eða slæm Kría

Helga segir að fyrirmyndin að Kriú sé sótt til Finnlands og Ísraels. „Ríkið mun fjárfesta í sjóðum að því gefnu að erlendir fjárfestar leggi sömuleiðis sjóðunum til fé. Þetta varð til þess að laða að erlent fjármagn í sjóðina og umhverfið óx og dafnaði. Rekstur Kriú getur bæði orðið góður og slæmur. Það skiptir sköpum að sjóðurinn verði í höndum rétta rekstraradilans og að í stjórninni verði annars vegar þekking á nýsköpun og hins vegar á því að fjárfesta í sjóðum,“ segir hún.

Aðspurð hvort það verði ekki erfitt að laða að erlent fjármagn í íslenskan vísisjóð segir Helga að finnsku sjóðirnir fjárfesti á öllum Norðurlöndunum. „Við að fjárfesta utan Finnlands myndast tengsl sem síðan laða fleiri fjárfesta til Finnlands.“

Lítill Íslandsstofa

Helga segir að í ljósi þess að Crowberry Capital reki sjóð sem fjárfesti á öllum Norðurlöndunum séu mun fleiri reidubúinir að ræða við þær um hugsanlegt samstarf. „Við bendum því erlendum fjárfestum oft á tækifæri á Íslandi. Reksturinn okkar minnir því stundum á anga af Íslandsstofu.“

Hekla bendir á að meðal nýlegra breytinga á nýsköpunarumhverfinu sé að hver lífeyrissjóður megi nú eiga allt að 35 prósent hlut í hverjum vísisjóði í stað 15 prósent áður. „Það þýðir að nú þarf einungis þrjá lífeyrissjóði til að fjármagna vísisjóð en áður þurfti sjö. Það skiptir sköpum.“ Atta lífeyrissjóðir lögðu fé í sjóð Crowberry Capital.

Helga segir að fólk ætti almennt ekki að hafa áhyggjur af því að lífeyrissjóðir fjárfesti í nýsköpun. „Þetta er það lítið hlutfall af eignum lífeyriskerfisins að landsmenn eiga að geta sofandi vært á nóttunni. Að sjálfsögðu er áhættusamt að fjárfesta einungis í einu sprotafyrirtæki en áhættunni er dreift með því að fjárfesta í sjóðum. Áhættudreifingin verður meiri eftir því sem sjóðum í eignasafni lífeyrissjóða fjölga.

Engu að síður hefur þetta litla hlutfall mikil áhrif á atvinnulífið í landinu. Ég held að almennt átti fólk sig ekki á að lífeyrissjóðir gegna lykilhlutverki við fjármögnun og þær með uppbyggingu sprotafyrirtækja á Íslandi,“ segir hún. Tæplega 80 prósent af fjármagninu í sjóði Crowberry eru frá lífeyrissjóðum og rúmlega 20 prósent frá einka-fjárfestum.

„Auk þess hefur það sýnt sig að fjárfestingar í nýsköpun geta verið afar arðbærar og ættu að vera hluti af vel dreifðu eignasafni. Þrátt fyrir að sjóðurinn okkar sé enn ungur hefur orðið veruleg verðmætaaukning í fyrirtækjunum nú þegar. Að því sögðu vitum við ekki hver lokaniðurstaðan verður fyrr en eftir tíu ár eða svo. Þetta er langhlaup,“ segir Helga.

Hekla segir að margar hefðbundnari fjárfestingar hafi reynst áhættusamar. Nýlegt dæmi sé flug-

●● Við erum norrænn fjárfestingasjóður.

Ísland er lítið land og við viljum spila á stærri velli. Það gerir okkur að betri fjárfestum að við séum að vinna með og keppa við sjóði utan Íslands en það er líka betra fyrir fyrirtækin að vera borin saman við það besta sem gerist í heiminum.

Hekla Arnardóttir

félög og kísilver. Og fyrir tólf árum hafi íslenski hlutabréfamarkaðurinn nánast þurrkast út. „Það var ekki reyndin með nýsköpun.“

Kaupa góða tækni

Aðspurðar hvort áhætta geti falist í því að erfitt geti reynst að selja sprotafyrirtækin þegar líftími sjóðsins rennur sitt skeið segir Helga að vel hafi gengið að selja slík fyrirtæki þegar hún starfaði hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífisins. „Ef tæknin er góð eru erlendir fyrirtæki reidubúin að kaupa fyrirtækin.“

Þær fagna því að nýsköpunarráðherra hafi aukið endurgreiðslur á rannsóknar- og þróunarkostnaði. Hlutfall endurgreiðslu var hækkað úr 20 prósentum í 25 og heildarþak á greiðslur fyrirtækja fer úr 600 í 900 milljónir króna.

Hekla segir að það sé mikilvægt að Ísland bjóði upp á samkeppnishæft umhverfi fyrir fyrirtæki í nýsköpun því ella sé hætta á að fyrirtækin flytjist úr landi eða frumkvöðlar kjósi frekar að stofna þau erlendis. Finnland bjóði til dæmis upp á betri styrki til sprota. Auk þess geri gengisflökt krónu í gegnum árin það að verkom að launakostnaður tæknifyrirtækja sem selja vöru og þjónustu í erlendri mynt geti hækkað skarpt. Þess vegna sé mikilvægt að umhverfið sé framúrskarandi.

Erlent starfsfólk

„Fjarvinna auðveldar fólki að vinna hvar sem er í heiminum. Í því felast tækifæri fyrir Ísland. Við ættum að gera allt hvað við getum til að annars vegar laða til okkar erlenda sérfræðinga til að starfa fyrir íslensk fyrirtæki og hins vegar skapa aðstoðar fyrir erlenda sérfræðinga til að vinna hér hjá erlendum fyrirtækjum.“

Það er gott að vinna á Íslandi og lífsgæði eru mikil. Það er til dæmis betra að stofna fyrirtæki á Íslandi og sinna fjölskyldu á sama tíma. Fasteignaverð er sömuleiðis skaplegra en í erlendum stórborgum og hér erum við í mikilli nálægð við náttúru. Við ættum að markaðssetja þessi lífsgæði erlendis. Það er jú til dæmis ákveðin hindrun í rekstri nýsköpunarfyrirtækja að hér skortir stundum djúpa þekkingu á tilteknu sviði. Við ættum að geta ráðið erlent starfsfólk með auðveldum hætti. Það skapar auk þess alþjóðlega menningu innan fyrirtækjanna sem gerir þeim auðveldara um vik að sækja á erlenda markaði. Fjöldi erlendra starfsmanna hjá Íslenskri erfðagreiningu á upphafsárunum hjálpaði fyrirtækinu að hugsa alþjóðlega,“ segir hún.



Gunnar Páll Tryggvason, framkvæmdastjóri Alfa framtaks. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fjárfesti fyrir 2,8 milljarða króna í fyrra

Umbreyting, sjö milljarða króna framtakssjóður í rekstri Alfa framtaks, fjárfesti fyrir samanlagt ríflega 2,8 milljarða króna í þremur fjárfestækjum á síðasta ári, samkvæmt nýlegum ársreikningi sjóðsins.

Eignarhlutur framtakssjóðsins í Greiðslumiðlun Íslands, móðurfélagi innheimtufyrirtækisins Motus, var verðmætasta eign sjóðsins í lok síðasta árs að bókferðu virði um tæplega 1,4 milljarðar króna.

Þá var þrettán prósent eignarhlutur Umbreytingar í Nox Health metinn á ríflega 1,2 milljarða króna í bókum framtakssjóðsins við síðustu áramót en sjóðurinn bættist sem kunnugt er í hluthafahóp lækn-ingatækjafyrirtækisins samhliða sameiningu Nox Medical og systurfélagsins Fusion Health síðasta haust.

3,5

milljarðar króna voru eigið fé framtakssjóðsins Umbreytingar í lok síðasta árs.

Auk þess var virði eignarhlutar framtakssjóðsins í Borgarplasti um 790 milljónir króna í bókum sjóðsins í lok síðasta árs og þá var eignarhlutur hans í Malmsteypu Þorgríms Jónssonar metinn á sama tíma um 350 milljónir króna. Sjóðurinn festi kaup á öllu hlutafé í síðarnefnda fyrirtækinu í desember í fyrra.

Tap varð af rekstri Umbreytingar upp á 110 milljónir króna í fyrra borið saman við 66 milljóna króna hagnað í fyrra. Framtakssjóðurinn, sem er nær óskuldbættur, átti eignir upp á alls 3,9 milljarða króna í lok ársins.

Hlutfjárloforð sjóðsins eru sjö milljarðar króna, eins og áður sagði, en í lok síðasta árs námu ódregin loforð um 3,4 milljörðum króna.

Lífeyrissjóður verslunarmanna og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins eru stærstu hluthafar sjóðsins með um fimmtán prósent hlut hvor en meðal annarra stórra hluthafa eru Snæbóll, í eigu hjónanna Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur, VÍS, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Silfurberg, í eigu hjónanna Friðriks Steins Kristjánssonar og Ingibjargar Jónsdóttur, og Eldhrimnir, fjárfestingafélag Ingimundar Sveinssonar og fjölskyldu. – kj



Meirihluti skráðra félaga í Kauphöllinni hefur komið tilnefningarnefnd á fót. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Draga í land án tilnefningar

Margir afturkalla framboð til stjórnar hjá skráðu félagi og óska nafnleyndar, ef þeir hljóta ekki tilnefningu. Framboðum fjölgaði á milli ára. Nefndirnar sagðar auðvelda þreifingar.

Töluverð fjölgun á milli ára var í framboðum sem bárust tilnefningarnefndum skráðra félaga í Kauphöllinni. Fjölgun framboða skilar sér þó ekki á kjörseðla á aðalfundum nema að litlu leyti, enda draga flestir framboð sín til baka ef þeir hljóta ekki tilnefningu.

„Fólk er ekki endilega að sækjast eftir því að fara í kosningabaráttu og taka slaginn á aðalfundi,“ segir Elin Jónsdóttir, stjórnarformaður Borgunar, en hún sat í tilnefningarnefnd fasteignafélagsins Reita síðustu tvö ár.

Markaðurinn hefur tekið saman hversu mörg framboð bárust tilnefningarnefndum í aðdraganda aðalfunda á þessu ári og hversu mörg framboð rötudu að lokum á kjörseðla. Samantektin sýnir töluverða fækkun framboðenda. Þannig bárust tilnefningarnefnd VÍS 18 framboð, en aðeins átta stóðu eftir á aðalfundi tryggingafélagsins. Tilnefningarnefnd Sjóváar bárust fjórtán framboð, en fimm framboðendur drögu framboð sín til baka eftir að hafa fengið vitneskju um að þeir væru ekki tilnefndir.

Sömu sögu er að segja um fasteignafélagin Reiti, þar sem framboðendur fækkaði úr þrettán í fimm framboð, og Regin þar sem framboðendur fækkaði úr tíu í fimm. Þeir sem ekki hlutu tilnefningu óskuðu allir nafnleyndar og drögu framboð sín til baka.

„Margir vilja einungis gefa kost á sér ef nafnleyndar er gætt og ef þeir eiga vól á því að geta dregið framboðið til baka, komist þeir ekki á framboðslista tilnefningarnefndar,“ segir Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri ráðgjafafyrir-

/// Framboð fyrir og eftir niðurstöðu tilnefningarnefnda

	Framboð til nefndar	Framboð á fundi
VÍS	18	8
Eik	14	-
Sjóvá	14	9
Reitir	13	5
Festi	11	8
Reginn	10	5
Hagar	9	7
Sýn	9	5
Skeljungur	8	7
Arion	7	7
Siminn	6	5
Icelandair	5	5
TM	5	5
Origo	-	5

tækisins Hagvangurs og formaður tilnefningarnefndar Sjóvár og situr hún einnig í tilnefningarnefnd Skeljungs. Hún tekur fram að framboðslista tilnefningarnefndar sé lagður fram að lokinni ítarlegri yfirferð og mati á framboðum sem hafa borist. Oftast sé farið eftir áliti nefndarinnar en þó séu dæmi um að niðurstaða í stjórnarkjöri hafi orðið önnur en tillaga nefndarinnar hljóðaði uppá.

Sem dæmi um fjölgun framboða til tilnefningarnefnda má nefna að framboðum til nefndar VÍS fjölgaði úr sex í 18 á milli ára, framboðum til nefndar Sjóváar fjölgaði úr sjö í fjórtán og framboðum til nefndar Reita fjölgaði úr átta í þrettán.

Einfaldari þreifingar

Aðalfundur Eikar fasteignafélags verður haldinn 10. júní og hefur tilnefningarnefnd félagsins lagt til að stjórn þess verði óbreytt. Nefndinni bárust 14 framboð, en flestir af þeim framboðendum sem nefndin ræddi við svöruðu því til að

„þeir myndu draga framboð sitt til baka ef þeir væru ekki tilnefndir til stjórnarsetu,“ eins og það er orðað í skýrslu nefndarinnar.

„Mín reynsla er sú að flestir framboðendur eru að þreifa fyrir sér og athuga hvort þeir komi til greina,“ segir Elin. Síðan taki við athugun nefndarinnar á því hverjar þarfir félagsins séu og hver sé æskileg samsetning stjórnar.

„Ef niðurstaða tilnefningarnefndar er sú að reynsla og þekking framboðenda falli ekki vel að þörfum félagsins, eða að þeim þörfum sé fullnægt með núverandi stjórn, dregur fólk gjarnan framboð sitt til baka.“

Elin segir að framboð til tilnefningarnefnda, og afturköllun þeirra, séu ákveðin formfesting á því sem var, áður en nefndunum var komið á fót. Þá hafi fólk leitað til stærstu hluthafa viðkomandi félags til þess að athuga með möguleika á að komast í stjórn og hætt við framboð ef það fann litinn stuðning.

„Þetta er einfaldara ferli fyrir framboðendur að því leyti að þeir þurfa einungis að leita til einnar nefndar í stað margra hluthafa. Og það er faglegra að því leyti að niðurstaða nefndarinnar tekur tillit til þarfa félagsins og samsetningar stjórnar,“ bætir Elin við.

Flestir eiga erindi

Sem dæmi um fjölgun á milli ára í framboðum til tilnefningarnefnda, má nefna að framboðum til nefndar VÍS fjölgaði úr sex í 18 á milli ára, framboðum til nefndar Sjóváar fjölgaði úr sjö í fjórtán og framboðum til nefndar Reita fjölgaði úr átta í þrettán.

Lesi má úr skýrslum nefndanna að fátt sé um tilhæfulaus

●● Þetta er einfaldara ferli fyrir framboðendur að því leyti að þeir þurfa einungis að leita til einnar nefndar í stað margra hluthafa.

Elin Jónsdóttir, stjórnarformaður Borgunar

framboð. Þannig segir í skýrslu tilnefningarnefndar VÍS að allir 18 framboðendur hafi verið vel hæfir og nefndarmenn Reita skrifa að framboðendurnir þrettán hafi allir verið með viðtæka menntun, reynslu og þekkingu.

„Flestir hafa ástæðu til þess að bjóða sig fram og geta átt erindi í aðrar stjórnir þó að bakgrunnur þeirra og reynsla henti ekki ákveðnu fyrirtæki á tilteknum tímamarki,“ segir Katrín hjá Hagvangi. Katrín telur að framboðum til stjórna hafi fjölgað með tilkomu tilnefningarnefnda þar sem nefndirnar auglýsi og leiti eftir framboðendum. Auk þess sé yngra fólk reiðubúnara en áður að gefa kost á sér til stjórnarsetu.

„Ég á frekar von á að framboðum eigi bara eftir að fjölga þegar fram í sækir,“ bætir Katrín við. „Oft sat sama fólk í mörgum stjórnnum en nú þykir það ekki æskilegt vegna þess að stjórnarstórf í skráðum fyrirtækjum eru heilmikil vinna. Að setjast í slíkar stjórnir kallar á talsverða undirbúningsvinnu fyrir öflugan stjórnarfund í hverjum mánuði þar sem stjórnarfólk þarf að vera vel undirbúið, virkt og hafa nægan tíma. Þetta er orðið miklu umfangsmeira starf en áður var.“

thorsteinn@frettabladid.is

Hagnaður Vinnslustöðvarinnar um 1,2 milljarðar króna

Vinnslustöðin hagnaðist um níu milljónir evra, jafnvirði 1,2 milljarða króna, í fyrra. Til samanburðar hagnaðist útgerðin um 6,7 milljónir evra árið áður. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnslíði og skatta jókst um 8,4 prósent á milli ára og nam 20,9 milljónum evra, jafnvirði 2,9 milljarða króna. Í fyrra var eitt besta árið í rekstri fyrirtækisins.

„Árangurinn náðist þrátt fyrir að engin loðna veiddist í fyrra og humarvertíðin væri ekki svipur hjá sjón. Mikilvæg forsenda góðrar rekstrar-

niðurstöðu er vel heppnaðar fjárfestingar undanfarinna ára,“ segir í tilkynningu.

Utgerðin mun greiða hluthöfum fimm milljónir evra í arð, jafnvirði 750 milljóna króna. Miðað er við að greiða út arðinn í haust að því gefnu að lausafjárstaðan verði góð.

Stærstu hluthafar Vinnslustöðvarinnar eru Seil með 37 prósent hlut og Fisk-Seafood með 30 prósent hlut. Stærstu hluthafar Seilar eru Kristín Elin Gísladóttir, Haraldur Sveinbjörn Gíslason og Sigurgeir Brynjar Krist-



Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, forstjóri Vinnslustöðvarinnar.

geirsson, forstjóri útgerðarinnar. Fisk-Seafood er í eigu KS, Kaupfélags Skagfirðinga.

Guðmundur Örn Gunnarsson, stjórnarformaður Vinnslustöðvarinnar, segir að nú sé verið að uppskeru af uppbyggingu undanfarinna ára. Á síðastliðnum fimm árum hafi Vinnslustöðin fjárfest fyrir 86 milljónir evra eða 11,3 milljarða króna á gengi hvers árs, þar af fyrir 69 milljónir evra eða 9,1 milljarð króna á gengi hvers árs í varanlegum rekstrarfjármunum, svo sem Breka

VE, nýju uppsjavarfrystihúsi, nýrri frystigeymslu og endurnýjun í skipaflotanum.

„Ráðist var í þessar fjárfestingar með markvissum hætti en hóflegri skuldsetningu á hverjum tíma, það er að segja félagið hefur alltaf haft borð fyrir báru og arðgreiðsluhæfni félagsins var tryggð,“ segir hann.

Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar voru 170 árið 2000 en 315 á árinu 2019. Þeir hefðu líklega verið um 350 eflöðna hefði veiddist og humar sömu leiðis. – hvj

Borgin raðar starfsfólki sínu á Kjarval

Reykjavíkurborg útvegaði ellefu aðgangskort að Vinnustofu Kjarvals fyrir starfsfólk á skrifstofu borgarinnar. Kostnaður vegna kortanna nemur 1,6 milljónum króna. Borgin segir fjárhagslegan ávinning í því að semja við eitt fyrirtæki um leigu fundarrýmis.

Starfsmenn á skrifstofu Reykjavíkurborgar hafa aðgang að Vinnustofu Kjarvals, sem er vinnu- og samkomurými við Austurvöll, í gegnum sérstakan samning sem borgin hefur gert við eigendur vinnustofunnar. Reykjavíkurborg greiðir alls 1,6 milljónir króna fyrir ársaðgang starfsfólksins.

Þetta staðfestir upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar í svari við fyrirspurn Markaðarins en hann segir að um sé að ræða tilraunaverkefni til eins árs.

„Markmiðið með tilraunaverkefninu er einnig að bæta vinnuástöðu starfsfólks og tryggja aðgang að fundaðstöðu utan stjórnsýslubygginga á hagkvæmu verði,“ segir í svari frá upplýsingastjóra Reykjavíkurborgar.

Vinnustofa Kjarvals, sem var opnuð í byrjun síðasta árs, spannar um 400 fermetrar á efstu hæð samliggjandi húsa númer 10 og 12 við Austurstræti. Staðurinn, sem er í eigu Hálfðanar Steinþórssonar, stofnanda GoMobile, Hrannars Péturssonar, aðstoðarmanns mennta- og menningarmálaráðherra, og Alexanders Arons Gylfasonar, samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2018, hefur notið vinsælda sem vettvangur fyrir vinnufundi en einnig mannamót utan vinnu.

Fyrirtæki og einstaklingar semja



Staðurinn dregur nafn sitt af listmálaranum Jóhannesi S. Kjarval sem var með aðstöðu í húsnæðinu.

um aðgang að vinnustofunni, greiða ársgjald, og geta nýtt hana til fundarhalds og afþreyingar. Eftir því sem kemur fram í samningi Reykjavíkurborgar við Vinnustofu Kjarvals er borgin með ellefu aðgangskort, eitt fyrir hvert svið og hverja skrifstofu sem ákvað að taka þátt, en þau veita aðgang að vinnustofunni og veitingaaðstöðu alla daga vikunnar. Hvert aðgangskort kostar 120 þúsund krónur auk virðisauka-

skatts og gildir til 1. nóvember 2020.

Í samningi Reykjavíkurborgar við vinnustofuna er hún sögð „sérlega vel til þess fallin að taka á móti erlendum og innlendum viðskiptavinum, hitta samstarfsfólk vegna vinnu eða utan hennar, rækta tengsl við aðra eða sinna störfum sínum í næði frá dagsins önn“.

Á vinnustofunni er sögð góð aðstaða til funda og samkomuhalds og að boðið sé upp á drykki og léttar

veitingar. Opíð er til klukkan 1 að nóttu um helgar. Þá er henni einnig lýst sem „vettvangi fyrir fólk úr atvinnulífinu til að rækta tengsl hvert við annað“.

Hvert og eitt kort gildir fyrir fimm manns hverju sinni en ekki er gerð athugasemd ef þeir eru fleiri. Þá hafa starfsmenn borgarinnar forgang að viðburðum sem Vinnustofa Kjarvals sendur fyrir á staðnum, til dæmis á hátíðis- og tyllidögum.

Í svari frá upplýsingastjóra Reykjavíkurborgar kemur fram að á hverju ári leigi svið og skrifstofur borgarinnar ýmis fundarrými utan stjórnsýsluhúsanna til teymisvinnu og fyrir starfsdaga, vinnustofur og starfsþróunarviðtöl svo eitthvað sé nefnt.

„Þörfin fyrir þetta hefur aukist vegna aukinnar hagræðingar í húsnæðismálum með opnum rýmum og fleira starfsfólki undir sama þaki,“ segir í svari upplýsingastjórans sem bætir við að haustið 2019 hafi verið áætlaður kostnaður vegna leigu á fundarrýmum utan stjórnsýsluhúsanna og ákveðið að kanna hvort hægt væri að finna hagkvæmar lausnir.

„Borgaritari hafði forystu um að gera verðfyrirspurnir meðal rekstraraðila sem gætu mætt þörfum borgarinnar í þessu efni. Að því loknu þótti ljóst að fjárhagslegur ávinningur væri af því að semja við einn aðila sem mætt gæti fjölbættum þörfum,“ segir jafnframt í svari borgarinnar. Því hafi verið ákveðið að fara í eins árs tilraunaverkefni með Vinnustofu Kjarvals í Austurstræti.

Þá er reynsla borgarinnar af verkefninu sögð hafa verið góð þar sem margir hafi aðgang að vinnustofunni og nýti hana til starfsmannasamtala, starfsdaga og lengri teymisfunda.

thorsteinn@frettabladid.is

Húsráð sem þú getur treyst

B O R G

F A S T E I G N A S A L A

Að selja fasteign er risastór ákvörðun sem best er að taka að vandlega hugsuðu máli. Við hjá Borg vitum að traust og áreiðanleiki eru lykilatriði í fasteignaviðskiptum, enda búum við yfir áratugalangri reynslu á því sviði.

Eignin þín er í góðum höndum hjá okkur.

519 5500

SÍÐUMÚLA 23 · 108 REYKJAVÍK · FASTBORG.IS

Til sölu - bókið skoðun



Lautarvegur 40-44

103 Reykjavík

Hæðir frá 115 fm

Sérinngangur

Tvö baðherbergi

Verð frá

77.500.000

Vandaðar eignir í grónu og skjólsælu umhverfi

Stutt í alla þjónustu

Þóra löggiltur fasteignasali

777 2882 thora@fastborg.is



Til sölu - bókið skoðun



Sæbraut 1

170 Seltjarnarnesi

Einbýlishús

442,7 fm

7 herbergi

5 metra lofthæð í stofu

Kjarvalshúsið, einstakt tækifæri til að eignast þetta sögufræga hús

Stendur á sjávarlóð með stórbrotnu útsýni

Böðvar löggiltur fasteignasali

660 4777 bodvar@fastborg.is



Það þurfti kylfu og gulrót



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra

Nýttkomin bók Sigurðar Más Jónssonar „Afnám haftanna – samningar aldarinnar?“ hefur vakið talsverða athygli og umræðu á síðum Markaðar Fréttablaðsins og víðar. Það þarf ekki að koma á óvart enda fjallar bókin um söguna á bak við einhverjar röttækustu efnahagsumbætur sem nokkurt ríki hefur ráðist í í seinni tíð. Aðgerðir sem á örskömmum tíma færðu Ísland úr því að vera þekkt sem gjaldþrota ríki (ranglega) í að teljast eitt velstæðasta land veraldar. Niðurstaða sem hinn reyndi lögmaður og ráðgjafi stjórnvalda, Lee Buchheit, kallaði einsdæmi í alþjóðlegri fjármálasögu. Fyrir vikið er Ísland í einstakri stöðu til að takast á við efnahagslegar afleiðingar kórónuveirufaraldursins.

Tekist á við ofurefli með óreyndum aðferðum

Eins og nærri má geta gerist slíkt ekki vandræðalaust. Undir lágu gífurlegir hagsmunir og hagsmunir Íslands fóru ekki að öllu leyti saman við hagsmuni alþjóða fjármálakerfisins. Meðal þeirra sem við var að eiga voru nokkrir af harðskeyttustu vogunarsjóðum heims. Þeirra á meðal voru sjóðir sem sérhæfa sig í að fjárfesta í skuldum fyrirtækja og ríkja í vanda og eru svo reiðubúnir að beita öllum brögðum í bókinni, ásamt öðrum sem ekki eru færð til bókar, til að hámarka ávinning sinn. Fjárfæðingur þeirra og áhrif eru gríðarlega mikil og þeir skirrast ekki við að beita sér gagnvart stjórnmalámonnum og beita fyrir sig diplómötum eigin ríkja. Þegar hagsmunirnir hlaupa á hundruðum milljarða króna eru svo mútur eða hótanir ekki alltaf langt undan.

Sú orrusta sem fram fór um efnahagslega framtíð Íslands var landsmönnum enda framandi. Hér var háð barátta með aðferðum sem flestir Íslendingar höfðu aldrei kynnst og virtust landsmönnum sjálfsagt ólíkindalegar. Það er eðlilegt að fólk gjaldi varhug við nýmælum. Verra var þó að margir þeirra sem vilja vera leiðandi í þjóðmálaumræðu í landinu lögðu sig í framkróka við að bera blak af þeim sem í þessu máli gátu ekki talist annað en andstæðingar hagsmuna íslensku þjóðarinnar.

Í huga viðkomandi skiptu innlandsfórnir meira máli en raunveruleiki umheimsins. Fyrir vikið var lítið gert úr tilraunum til að útskýra grundvallarátök um efnahagslega hagsmuni Íslendinga. Þó skiptu ákveðnir fjölmiðlamenn sköpum í að draga fram eðli málsins.

Aðferðafræðin byggðist á því að skapa réttu hvatana og því til útskýringar var vísað til „gulrótar og kylfu“. Stöðugleikaskilyrðin voru gulrót en stöðugleikaskatturinn var kylfa. Án kylfunnar hefði ásættanleg lausn ekki náðst og þess vegna skipti sköpum að lögfesta stöðugleikaskattinn. Það vakti sérstaka athygli mína við lestur greinar fyrrverandi seðlabankastjóra, sem birtist hér í Markaðnum fyrir tveimur vikum síðan, að talsvert er fjallad um gulrætur en hvergi minnst hann á kylfu. Það segir sína sögu um gangverk kerfisins.

Því kemur ekki á óvart að sumum gremjst nú uppljóstranir sem birtast í bók Sigurðar Más. Það má hins vegar ekki valda því að við glötum tækifærinu til að læra af þeirri mikilvægu reynslu sem þar er lýst.



Mår Guðmundsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra, á ársfundi Seðlabankans árið 2014.

● ● Það er áhugavert að lesa frásögn fyrrum seðlabankastjóra um að hann hafi losað höftin í hádegisverði í Washington DC árið 2014 og nokkrum dögum seinna farið til New York til að greina frá lausninni.

Ef okkur auðnast ekki að læra af því sem best reynist og mestu máli skiptir er litil von um framfarir.

1. Pólitísk forysta

Mikilvægasti lærdómurinn af haftalosuninni og uppgjöri bankahrunsins er líklega sá að mesti og hraðasti efnahagslegi viðsnúningur sem nokkurt ríki hefur náð í seinni tíð er afleiðing pólitískra ákvarðana. „Allt orkar tvímælis þá gjört er“ en orðartiltekið á alveg sérstaklega við um aðstæður þegar mikið liggur við. Við slíkar aðstæður þarf pólitíska forystu. Þegar taka þarf grundvallarákvarðanir dugar ekki að eftirláta kerfinu einu að reikna og taka ákvarðanir á svokölluðum „faglegum forsendum“.

Hugtakið „fagleg ákvörðun“ hefur óneitanlega jákvæðara yfirbragð en „pólitísk ákvörðun“. Pólitísk ákvörðun er hins vegar oft „lýðræðisleg ákvörðun“. Ef við trúum því raunverulega að almenningur sé best til þess fallinn að ráða eigin örlögum hlýtur það að eiga sérstaklega við um stóru málin.

Kerfið metur hlutina á öðrum forsendum en almenningur. Umfram allt forðast það áhættu, sérstaklega persónulega áhættu. Enginn vill sitja uppi með Svarta Pétur fari mál illa. Kerfið er ekki nýjungagjarnt, það vill almennt ekki gera það sem ekki hefur verið gert áður.

Fordæmalaus vandamál kalla hins vegar á fordæmalaus lausnir. Slíkar lausnir finnast ekki nema með pólitískri forystu og ráðgjöf

þeirra sem best þekkja til og þora að fara nýjar leiðir.

Ákvarðanir sem lýst er í bók Sigurðar Más voru teknar í krafti lýðræðislegs umboðs. Í kosningabaráttunni 2013 hafði ég verið afdráttarlaus um hvað til staði fengi ég til þess stuðning. Það fór ekki fram hjá neinum. Raunar snerist kosningabaráttan að miklu leyti um gagnrýni á áformin. Það verður því ekki annað sagt en að þau hafi fengið lýðræðislega umræðu og jafnvel að hún hafi ráðið miklu um niðurstöðu kosninganna. Í kjölfarið tók við ríkisstjórn sem einbeitti sér að lausn málsins á nýjum forsendum, með heildstæðri nálgun og með því að láta kröfuhafana vera farþega í rútnunni í stað þess að vera í bilstjórasetninu. Það er einkennilegt, en kemur ef til vill ekki á óvart að fyrrum seðlabankastjóri skuli gera lítið úr þessum þætti í ádurnefndri grein sinni.

2. Traust og snjallt fólk

Pólitískar ákvarðanir eiga hins vegar ekki að vera „ófaglegar“. Stjórnmalámennt þurfa að leita til þeirra sem eru best til þess fallnir að vinna með þeim að framkvæmd framfaramála. Það þarf ekki að vera fólk með fimm háskólagráður. Mestu máli skiptir að viðkomandi búi yfir innsæi og framtakssemi og sé treystandi. Í erfiðum málum vegur traust jafnvel þyngst.

Við uppgjör bankahrunsins reyndist það þjóðinni einstaklega gæfuríkt að hópur snjallra manna reyndist reiðubúinn til að leggja sitt af mörkum til að leysa vandann. Við slíkar aðstæður getur einn maður skipt sköpum. Það reyndist til dæmis Íslendingum einstök gæfa að Sigurður Hannesson skyldi vinna að framgangi málsins. Þegar maður sem ég þekkti af því að vera einstaklega snjall, réttssýnn og atorkusamur, en einnig traustur, fékkst til að vinna að málinu vissi ég að það færi vel. Þá skipti það sköpum að framkvæmdahópurinn (Benedikt Gíslason, Ásgeir Helgi Reykþjórdur og Jón Sigurgeirsson auk Sigurðar) var samstilltur og vann jafnt og þétt að markmiðinu án þess að láta hindranir stoppa sig. Hópurinn ávann sér traust á skömmum tíma og bjó yfir

áræðni sem átti stóran þátt í farsælli niðurstöðu. Auk hins öflugra framkvæmdahóps kom margt fólk úr ólíkum áttum að verkefninu á mikilvægan hátt á ólíkum stigum eins og fram kemur í bók Sigurðar Más og ég mun fjalla nánar um síðar.

3. Eftirfylgni

Það er hins vegar ekki nóg að hafa áætlun og trausta bandamenn. Áætlun er litils virði ef ekki tekst að hrinda henni í framkvæmd. Þótt stjórnkerfinu sé ætlað að sjá um framkvæmd lýðræðislegra ákvarðana getur það reynst hindrun fremur en verkfæri. Þannig gerðist það til dæmis að á fundi þar sem fulltrúar Íslands gerðu talsmönnum vogunarsjóðanna ljóst hvað til þeirra friðar heyrði drógu hinir síðarnefndu fram skýrslur Seðlabanka Íslands máli sínu til stuðnings. Við slíkar aðstæður skiptir sköpum að þeir sem hafa tekið að sér að framfylgja hinum lýðræðislega vilja haldi sínu striki. Þessu eru gerð ágæt skil í bókinni þar sem vísað er til þess að þáverandi seðlabankastjóri mátti ekki til þess hugsa að stöðugleikaskatturinn væri mjög hár og alls ekki yfir 30% af ötta við viðbrögð kröfuhafanna. Á það var ekki fallist enda hefði það veikt stöðu Íslands.

Stjórnkerfið gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki en það eru ýmsar ástæður fyrir því að kerfið hagar sér eins og það gerir. Aðalatriðið er að stjórnmalámennt séu meðvitaðir um verkaskiptinguna milli þeirra sjálfra og stjórnkerfisins. Það er hlutverk stjórnmalámanna að marka stefnu og framfylgja henni ásamt þeim sem þeir treysta til verksins. Því fylgir ábyrgð og stjórnmalámennt þurfa að vera reiðubúnir til að standa eða falla með ákvörðunum sínum. Hlutverk stjórnkerfisins er hins vegar að framfylgja hinum lýðræðislega vilja án þess að þurfa að bera ábyrgð á honum. Í því samhengi unnu starfsmenn Seðlabankans og stjórnarráðsins ákaflega gott starf.

Aðferð sem virkandi

Aðgerðirnar sem skiluðu þeim efnahagslega viðsnúningi sem gerir okkur nú kleift að takast á við

● ● Margir þeirra sem vilja vera leiðandi í þjóðmálaumræðu í landinu lögðu sig í framkróka við að bera blak af þeim sem í þessu máli gátu ekki talist annað en andstæðingar hagsmuna íslensku þjóðarinnar.

mestu niðursveiflu í 100 ár voru afrakstur þess að greina vandann, finna lausnirnar og veita pólitíska forystu.

Hins vegar hefði þessi atburðarás verið ómöguleg væri Ísland ekki fullvalda ríki. Við höfðum tækifæri til að veita okkar eigin gæfu smíðir og gátum sniðið lausnir að því sem hentaði okkur.

Það er áhugavert að lesa frásögn fyrrum seðlabankastjóra um að hann hafi losað höftin í hádegisverði í Washington DC árið 2014 og nokkrum dögum seinna farið til New York til að greina frá lausninni. Ekki hafði hann þó fyrir því á sínum tíma að greina þáverandi forsætisráðherra frá hugmyndum sínum.


Án „kylfu“ og pólitískrar forystu hefði málið ekki hlotið eins farsælan endi og raun bar vitni. Þegar ég leitaðist við að halda málstað Íslands á lofti benti ég oft á fullveldisréttinn og hvaða varnir hann veitti landsmönnum, ekki sist með því að veita trúverðuga kylfu. Þetta þótti sumum forkastanlegt og má sjá þess merki í grein fyrrum seðlabankastjóra. Með því að halda fullveldisréttinum til haga, vísa í ýmsar útfærslur kylfunnar, fá traust og snjallt fólk að málinu og fylgja því eftir tókst að losa höftin með ótrúlega góðum árangri. Að því komu margir en niðurstaðan var háð því að til þess bærir aðilar tækju réttar ákvarðanir. Það gekk eftir og ætti að vera verðmæt reynsla til að ná árangri í framtíðinni.

tl.is

ERTU KLÁRÍ SLAGINN?



**ÞÚ FÆRÐ ALVÖRU
LEIKJABÚNAÐ HJÁ OKKUR**



**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

Skotsilfur



Áfram í greiningu

Verðmötin sem eru gerð og skrifuð af **Snorra Jakobssyni**, fyrrverandi greinanda Capacent, eru í senn þægileg og áhugaverð lesning. Hann hefur lag á því að skrifa verðmötin svo hægt sé að lesa þau með fullri athygli. Eftir gjaldþrot Capacent hefur Snorri unnið að því að koma á fót nýju fyrirtæki sem ber nafnið Jakobsson Capital í kringum greiningarvinnu sína. Greiningarvinna Snorra var eins konar fyrirtæki innan Capacent og mun hafa skilað góðum afgangi ólíkt öðrum hlutum starfseminnar. Jakobsson Capital er ætlað að vera áframhald á því.



Lokuð augun

Það féll illa í kramið hjá **Birni Levi Gunnarssyni**, þingmanni Pírata, að ríkisstjórnin vildi ekki í ljósi aðstæðna í efnahagslífinu leggja fram fjármálaáætlun fyrir en í haust. Það er skiljanlegt því erfitt er að áætla tekjur og kostnað í þessu árferði. Píratinn vill frekar leggja fram áætlun sem líklegt er að verði röng í meginatriðum í stað þess að biða til haustsins. Píratar hika ekki við að ana með lokuð augun út í óvissuna.



Hærra verð

Samkeppnisefirlitið trúir því ekki að viðskiptavinir kunni að njóta stærðarhagkvæmni í rekstri fyrirtækja. Það kom því ekki á óvart að eftirlitið undir forystu **Páls Gunnars Pálssonar** skyldi sekta Simann um hálfan milljarð fyrir að bjóða þeim sem kaupa mikla þjónustu af fyrirtækinu að horfa á enska boltann á betri kjörum en þeir sem eiga í litlum viðskiptum við fjarskiptarisann. Ákvörðunin mun koma illa við neytendur sem verða að borga meira fyrir afþreyinguna.



Parísarbúar geta loksins aftur notið lífsins lystisemda



Kaffihús og veitingastaðir í Frakklandi voru opnuð aftur í gær, eftir að hafa verið lokuð í ellefu vikur til að stemma stigu við útbreiðslu kórónaveirunnar. Í París verða viðskiptavinir að borða utandyra til 22. júní. Hótel- og veitingageirinn veitir um tveimur milljónum manna atvinnu. Bruno Le Maire fjármálaráðherra Frakklands spáir því að hagkerfi landsins muni dragast saman um ellefu prósent í ár. MYND/EPÁ

Nýja eignasafnið



Birgir Haraldsson sérfræðingur hjá Akta sjóðum

Erfiður vetur er að baki þar sem kórónaveiran setti mark sitt á bæði fjármálamarkaði og efnahagslífið héraðs og erlendis. Skaðinn sést í hagvaxtarspám fyrir þetta ár en Seðlabanki Íslands væntir -8,0% samdráttar og erlendir greiningaradilar búast við -3,0% samdrætti í heimsbúskapnum. Til að setja þessar tölur í samhengi má hafa í huga að ef spárnar raungerast, verður um að ræða mesta árlega samdrátt í heila öld á Íslandi og sömuleiðis verstu útreið heimshagkerfisins síðan í kreppunni miklu fyrir 90 árum. Stóraukin ríkisútgjöld hafa óhjákvæmilega fylgt þessum erfiðu efnahagsaðstæðum og kröftugar aðgerðir seðlabanka hafa leitt til sögulega lágra vaxta.

Skammtímaáhrif kórónaveirunnar á efnahagslífið hafa þannig verið gífurleg og líklegt er að áhrifin

verði einnig töluverð þegar litið er til meðallangs- og langs tíma. Til að mynda gætu skattar þurft að hækka til að vinna ofan af auknum ríkishalla um allan heim. Viðskiptaumhverfið er einnig líklegt til að breytast með frekari eflingu netverslunar, og fjölbreyttara starfsfyrirkomulagi sem kann að breyta eftirspurn eftir skrifstofuhúsnæði, ásamt því að framleiðsluæðjur heimshagkerfisins gætu verið endurskipulagðar. Þá eru ótalin þau samfélagslegu og pólitísku áhrif sem vænta má ef sögulega hátt atvinnuleysi reynist þrálagt.

Enduroppnun hagkerfa hefur þó átt sér stað hægt og rólega síðan í byrjun apríl og hefur í sameiningu með aðgerðum ríkisstjórna og seðlabanka aukid vonir um efnahagslega viðspyrnu. Fjármálamarkaðir, þá sérstaklega erlendis, hafa tekið ágætlega við sér eftir skarpa dýfu fyrir á árinu, jafnvel þótt langtíma-sviðsmyndir efnahagslífsins séu enn háðar mikilli óvissu. Ákveðnir hlutar markaðarins hafa jafnvel náð fyrri gildum og gott betur.

Skammtímaáhrif kórónaveirunnar á fjármálamarkaði kunna þannig að virðast léttvæg við fyrstu sýn, en áhrifin fyrir íslenska sparifjareigendur eru líkleg til að verða töluverð til lengri tíma litið. Rétt eins og

með framleiðsluæðjur heimshagkerfisins verður sennilega mikil þörf fyrir endurskipulagningu íslenskra eignasafna.

Hvers vegna?

Þegar litið er á aðrar fjäreignir en lífeyriseign íslenskra heimila, má áætla að um 60% af þeim – um 1,500 milljarðar króna – sé bundinn í innlánun, skuldabréfum og í hlutdeildarskírteinum skuldabréfa- og peningamarkaðssjóða. Þessar vaxtatengdu fjäreignir standa nú frammi fyrir sögulega lágum vaxtagrunni, en stýrivextir Seðlabankans hafa verið lækkaðir kröftuglega á þessu ári og eru nú 1,0%.

Þessi lági vaxtagrunnur helst líklegast óbreyttur til lengri tíma, enda mun taka tíma að bæta þessa upp skaðann sem kórónaveiran hefur valdið á þessu ári. Þannig spáir Seðlabankinn til að mynda talsverðum framleiðslulaka næstu árin, sem gefur litlar forsendur til vaxtahækkana. Sömu sögu er að segja af helstu seðlaböndum heims, en stýrivöxtum er spáð óbreyttum næstu þrjú árin beggja megin Atlantshafsins.

Í stuttu máli þá munu innlán og íslensk ríkisskuldabréf eiga erfitt með að skila ávöxtun umfram verðbólgu á komandi misserum og

raunávöxtun því líkleg til að vera lítil sem engin, eða neikvæð fyrir meginþorra sparnaðar íslenskra heimila.

Hvað er til ráða?

Óhjákvæmilegt er að færsla eigi sér stað úr þessum áhættuminni eignum og yfir í áhættumeiri eignir með tíð og tíma. Endurskipulagning eignasafna felur því í sér að taka varfærin og vel ígrunduð skref lengra út á áhætturófið, til að auka vænta ávöxtun. Slík skref geta falið í sér fjárfestingar í skuldabréfum fyrirtækja og banka héraðs og erlendis, bæði í skuldabréfum og hlutabréfum. Þannig má draga úr næmni fjäreigna við gang íslenskra hagkerfisins og sömuleiðis auka flóruna af mögulegum fjárfestingarkostum margfalt.

Það er þannig ljóst að miklar langtímabreytingar eru að eiga sér stað á íslenskum fjármálamarkaði í kjölfar versta efnahagsfalls sem hefur mælst héraðs og erlendis í heila öld. Lágvaxtaumhverfið verður þrálagt og nýja eignasafnið mun því að öllum líkindum þurfa að vera bæði alþjóðlega og blandaðra en það er í dag.

Rjúkandi rúst?



Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Á landsfundi Samfylkingar árið 2018 sagði Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, fjárhagsstöðu borgarinnar hafa verið „rjúkandi rúst“ eftir valdatíma Sjálfstæðismanna sem lauk árið 2010. Vísaði borgarstjóri til tveggja ára setu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, í borgarstjórnastóli í Reykjavík. Sjálfstæðisflokkurinn tók við stjórnartaumum í borginni árið 2008, í aðdraganda bankahruns.

Við samfélaginu blöstu krefjandi aðstæður, atvinnuleysi jókst umtalsvert og fleiri sóttu í velferðarúrræði borgarinnar. Allt benti til þess að rekstur borgarsjóds yrði þungur. Yfir þennan tveggja ára tíma tókst þó að halda örugglega um fjárhag borgarinnar. Skuldir borgarsjóds jukust einungis um 3 milljarða meðan tekjur drógu saman um tæpan milljarð. Borgarsjóður var einn ferra sem skilaði jákvæðri rekstrarniðurstöðu mitt í djúpri efnahagslögð.

Nú eru liðin tvö ár af núverandi kjörtímabili borgarstjóra, Dags B. Eggertssonar – kjörtímabili sem hófst á toppi hagsveiflunnar. Yfir þetta tveggja ára tímabil hafa tekjur borgarsjóds aukist um 8 milljarða árlega en skuldir jafnframt aukist um 14 milljarða. Sömu sögu má

segja af fyrri kjörtímabili borgarstjóra, þar sem skuldir jukust um 58%, þrátt fyrir 35 milljarða aukningu á skatttekjum árlega. Tekjutuskan undin til fulls og jákvæðar efnahagsaðstæður ekki nýttar til skuldaniðurgreiðslu.

Mótsagnir Dags

Í upphafi maímánaðar fullyrti borgarstjóri að ársreikningur Reykjavíkurborgar sýndi öðru fremur sterkan fjárhag borgarinnar. Tölurnar tala hins vegar öðru máli. Þrátt fyrir tekjuaukningu síðasta árs jókst skuldsetning borgarinnar um 21 milljarð. Launakostnaður hækkaði samhliða fjölgun stöðugilda og rekstrarkostnaður jókst um 9%. Báknið stækkaði í tekjugóðæri og tækifærum til skuldaniðurgreiðslu var sólundað. Borgarstjóri

bjó ekki í haginn fyrir mögru árin.

Örfáum dögum áður sendi Reykjavíkurborg frá sér svohljóðandi athugasemdir við aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna áhrifa COVID-19: „Vandinn snýst hins vegar ekki aðeins um skammtíma fjármögnunarmála heldur stefnir í algerlega ósjálfbærar rekstur til margra ára. Þessa ósjálfbærni er ekki hægt að leysa með hækkingu leyfilegrar skattlagningar eða þjónustugjalda eða með störfeldum niðurskurði í útgjöldum borgarinnar. Hefðbundnar aðferðir eru ekki í boði. Þá er ekki hægt að leysa þetta með störfeldum lánveitingum þar sem veltu frá rekstri mun ekki til margra ára framundan standa undir afborgunum.“

Á þessum grundvelli kallaði borgin eftir beinum óendurkræfum

fjárhagslegum stuðningi frá ríkinu, svo höfuðborgin gæti staðið undir þjónustuskýldum sínum við íbúana og heimilin. Öðrum kosti væri rekstur borgarsjóds ósjálfbær. Það gleymist þó að nefna að rekstur borgarsjóds var ósjálfbær löngu fyrir áhrif COVID-19, enda gera fyrri fjárhagsáætlanir ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu, efrá er talin sala á byggingarétti. Borgarsjóður reidir sig á einskiptistekjur svo hanga megi réttu megin við núllið.

Neyðarkall Reykjavíkurborgar fer illa saman við fullyrðingar borgarstjóra um „öðru fremur sterkan fjárhag“. Hér fer ekki saman, hljóð og mynd. Fjárhagslegar sjónhverfingar borgarstjóra eru þekkt stærð. Nú þarf að kalla hann til ábyrgðar.

**Skráðu þig á póstlistann og
fáðu Fréttablaðið sent rafrænt
á hverjum morgni**



**Skráðu þig á frettabladid.is,
á Facebook síðu Fréttablaðsins
eða skannaðu QR kóðann**

FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesna dagblað landsins

SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson



Hugsjónir og hagsmunir

Skammvinnur æsingur varð í síðustu viku eftir að fjórir erlendir ríkisborgarar voru handteknir á byggingarsvæði. Þeir höfðu fengið skráningu á grundvelli falsaðra skilríkja og höfðu því ekki tilskilin leyfi til að starfa hér á landi. Á samfélagsmiðlum voru þeir háværir sem fordæmdu þetta og finnst ótækt að lögreglan standi vörð um landamæri — eina af undirstöðum þjóðríkisins. Mikil skörun virðist vera á milli þessa hóps og þeirra sem kvarta yfir aðgerðaleyfi lögreglunnar gagnvart öikumönnum á Laugaveginum. Lögreglunni skal sigað á íslenska ríkisborgara en haldið frá þeim sem hingað koma á fölskum forsendum.

Verkalýðsfélög hafa sum hver hjálpað til við að halda uppi eftirliti með erlendu vinnuafli hér á landi til þess að uppræta undirboð á vinnu- markaði. Þau gera það ekki af gæsku í garð erlends verkafólks heldur til þess að verja kjarasamninga og launakjör félagsmanna sinna. Það er tilgangur þeirra, rétt eins og tilgangur fyrirtækja er að hámarka hag hluthafa. Allt tal um annað er yfirvarp. Félagsmenn treysta á að forysta verkalýðsfélags hafi hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

Því var athyglisvert að sjá formann Eflingar fordæma aðgerðir lögreglunnar og lýsa atburðinum þannig að lögreglan væri að „elast við og hrella jáðarsettasta hóp samfélagsins“. Að mati formannsins eiga Íslendingar að sjá sóma sinn í því að gefa fólki sem hingað er komið sömu möguleika og þeim sjálfum á því að fá vinnu. Það er ágætishugmynd í sjálfu sér.

Róttæka félagshyggjan sem litir heimsmýnd forystunnar í Eflingu ber þannig alþjóðlegan keim. Samstaða verkafólks þarf að ná út fyrir félagafarm og landamæri. Hins vegar er ekki ljóst hvernig stríðari straumur vinnuafli til landsins þjónar hagsmunum félagsmanna Eflingar miðað við þá stefnu sem íslenska hagkerfið hefur tekið.

Einstaklingum sem eru atvinnulausir eða standa utan vinnu- markaðarins hefur fjölgað um tugi þúsunda á seinustu vikum og mánuðum. Atvinnuleysi verður í áður óþekktum hæðum á þessu ári og ef hagkerfið nær ekki snarpri viðspyrnu geta félagslegu afleiðingarnar rist djúpt. Í aðstæðum sem þessum er fyrir séð að spenna milli þjóðfélagshópa muni aukast.

Eins og sakir standa geta félagsmenn Eflingar unað sáttir við sitt enda hefur forysta verkalýðsfélagsins náð umtalsverðum árangri í kjaraviðræðum þrátt fyrir mótlæti. En málefni alþjóðasóðalismans brenna ekki heitt á öllum félagsmönnum – líklega töluverðum minnihluta. Hugmyndir um að auðvelda heimsbyggðinni að keppa um störf við þá sem fyrir eru á íslenskum vinnumarkaði hljóta að falla í grýttan farveg þegar hagkerfið er í djúpri niðursveiflu. Þær falla hins vegar vel að hagsmunum atvinnurekenda.

Tveir framkvæmdastjórar hætta hjá Isavia

Jóhann Gunnar Jóhannsson, sem hefur verið framkvæmdastjóri fjármálasviðs Isavia, og Arnar Þór Másson, framkvæmdastjóri mannaúts og stefnumótunar, hafa báðir hætt störfum hjá fyrirtækinu.

Guðjón Helgason, upplýsinga- fulltrúi Isavia, staðfestir það í svari til Markaðarins. „Til að bregðast við áhrifum af Covid-19 hafa verið gerðar skipulagsbreytingar hjá Isavia sem fela í sér fækkun í framkvæmdastjórn um einn og sam-



Jóhann Gunnar Jóhannsson.

einingu tveggja sviða,“ segir Guðjón.

Jóhann Gunnar, sem var áður fjármálastjóri Ölgerðarinnar, og Arnar Þór, sem er í stjórn Marels, höfðu verið um skamma hríð hjá Isavia en þeir voru ráðnir til félagsins síðasta haust.

Í lok mars var 101 starfsmanni Isavia sagt upp störfum, ásamt því að 37 var boðið starf í lægra starfshlutfalli, en tekjur félagsins hafa dregist saman um 98 prósent. Mánuði síðar var 30 starfsmönnum hjá Frihöfninni, dótturfélagi Isavia, sagt upp störfum og um 100 til viðbótar boðið starf í skertu starfshlutfalli. – hae

27.05.2019

Við í stjórnum lífeyrissjóða höfum alvarlegum skyldum að gegna, berum ríkar skyldur og höfum mikla ábyrgð að svara fyrir. Við erum ekki og eigum aldrei að verða strengjábúður!

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða



VR
FYRIRTÆKI
ÁRSINS
2019

Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafn- verðmæt störf



PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar

